



Gjaldskrá

Fyrir leyfisveitingar og þjónustu Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita.

1.gr. Gildissvið.

Gjaldskráin gildir fyrir sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Flóahrepp og Ásahrepp.

2.gr. Byggingarleyfi skv. 51. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

Byggingarleyfi skiptist í afgreiðslugjald og rúmmetragjald.

Fyrir sérhvert nýtt byggingarleyfi vegna nýrra mannvirkja og viðbygginga, greiðist óafturkræft afgreiðslugjald kr. 59.768.-

Fyrir breytingu á áður útgefnu byggingarleyfi og fyrir byggingarleyfi sem felur í sér minniháttar breytingu á þegar byggðu mannvirki, greiðist óafturkræft afgreiðslugjald kr. 29.884.-

Innifalið í afgreiðslugjaldi er skráning umsóknar, yfirferð uppdráttar og útgáfa byggingarleyfis.

Fyrir sérhvert byggingarleyfi greiðist að auki rúmmetragjald sem hér segir:

	kr. pr.rúmm.
Íbúðarhúsnæði og bílgeymslur	253
Þjónustuhúsnæði (skrifstofu-verslunar-gistihúsnæði)	253
Iðnaðarhúsnæði og landbúnaðarbyggingar	74
Óeinangraðar skemmur og gróðurhús	54
Sumarhús	508

Innifalið í rúmmetragjaldi er útmæling og áfangaúttektir skv. byggingareglugerð ásamt skráningu húss hjá Þjóðskrá Íslands.

3. gr. Málsmeðferð tilkynntra framkvæmda sbr. ákvæði. gr. 2.3.5 og 2.3.6 í byggingarreglugerð

Vegna málsmeðferðar tilkynntra framkvæmda sbr. gr. 2.3.5 og 2.3.6 í byggingarreglugerð greiðist afgreiðslugjald kr. 59.768.- Innifalið í gjaldi er móttaka og varðveisla gagna, yfirferð m.t.t. samræmis við skipulag og skráning í fasteignaskrá.

4. gr. Framkvæmdaleyfisgjald skv. 1. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13. – 16. gr. skipulagslaga ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar að fenginni tillögu skipulagsfulltrúa.



Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við undirbúning leyfis og lögbundins eftirlits s.s. umsýslu og málsmeðferð skipulagsfulltrúa, utanaðkomandi sérfræðivinnu, nauðsynlegra umsagna, auglýsinga o.s.frv. Lágmarksgjald skal þó vera 62.526 kr.

Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br. er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

Tímagjald skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa vegna útgáfu framkvæmdaleyfis er 12.526 kr/klst.

5. gr. Gjald fyrir skipulagsvinnu skv. 2. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á skipulagsáætlun vegna leyfisskyldra framkvæmda eða grenndarkynna byggingarleyfisumsókn er tekið gjald sem nemur kostnaði við skipulagsgerðina, umsýslu, kynningu og auglýsingu.

Aðalskipulagsbreyting skv. 1. mgr. 36. gr.	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	181.996
Óveruleg breyting á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36.gr.	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	71.498
Nýtt deiliskipulag skv. 37. – 42. gr	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	181.996
Nýtt deiliskipulag skv. 37. – 42. gr. án lýsingar og kynningar skv. 4. mgr. 40.gr	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	129.998
Breyting á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr.	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	129.998
Óverulegt breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. með grenndarkynningu.	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	71.498
Óverulegt breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. án grenndarkynningar	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	32.499
Grenndarkynning byggingarleyfis skv. 44. gr.	
Umsýslukostnaður	32.499
Málsmeðferð stakra framkvæmda skv. 1. tl. ákvæða til bráðabirgða.	
Vinnsla breytingartillögu	Skv. reikningi
Umsýslukostnaður	32.499



6. gr. Önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld

Fyrir aðra þjónustu en innifalin er við útgáfu byggingaleyfis sbr. 2. gr. ber að greiða eftirtalin gjöld.

Viðurkenning meistara	9.485
Stöðuleyfi	18.238
Aukaúttekt, sem ekki er innifalin í 1. Gr.	24.620
Öryggisúttekt	24.620
Vottorð vegna rekstrarleyfa, án úttektar	6.156
Vottorð vegna rekstrarleyfa, með úttekt	30.776
Staðfesting eignaskiptayfirlýsinga	17.742
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga *	17.742
Afgreiðslugjald vegna takmarkaðs byggingaleyfis	17.742
Útsetning v. Takmarkaðs byggingaleyfis og stöðul.	51.414
Aðrar útsetningar og mælingar	skv. reikn.
Útsend gögn og teikningar	2.600
Stofnun lóða í landskrá fasteigna skv. 48. gr. skipulagslaga	15.600
Stofnun lóða í landskrá fasteigna á grundvelli deiliskipulags.	
<i>Grunngjald</i>	7.412
<i>Landnúmer umfram eitt</i>	3.854
Breyting á skráningu í landskrá fasteigna	6.500

* sé sótt um endurnýjun byggingarleyfis og breytingar að auki skal farið með það sem nýtt byggingarleyfi, það sem áður hefur verið greitt kemur til frádráttar.

7. gr. Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2020, 146,7 stig, og breytast þau 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

Eldri gjaldskrár vegna þjónustu skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa falla úr gildi við gildistöku nýrrar.

Rúnar Guðmundsson, skipulagsfulltrúi